

Marðareyri sf.
Oddur Pétursson
Seljalandsvegi 38
400 Ísafjörður



Ísafjörður 12. maí 2016
UST201605-067/J.S.J.
09.07.01

Framkvæmdaleyfi – Móar, Hesteyri í Jökulfjörðum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Marðareyrar sf., dags. 9. maí 2016, vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan Friðlandsins á Hornströndum.

Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115m) frá stórstraumsfjörumáli innan friðlandsins á Hornströnum er háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 1. gr. auglýsingar um friðlandið, nr. 332/1985.

Umhverfisstofnun gaf Marðareyri sf. leyfi til framkvæmda fyrir sitt leyti við endurbyggingu húsins Móar á Hesteyri 6. mars 2015. Fram kemur í útgefnu leyfi að húsið Móar verði endurbyggt í sem upprunalegastri mynd. Húsið yrði hækkað og grunnflötur þess stækkaður, en öllum hlutföllum núverandi húss yrði haldið. Allt byggingaefni yrði handborið á staðinn og vinnuvélar ekki notaðar.

Lýsing framkvæmdar:

Marðareyri sf. hefur nú óskað eftir leyfi Umhverfisstofnunar fyrir notkun á lítilli garðagröfu til að auðvelda vinnu við grunn hússins. Grafan yrði notuð við tilfærslu á malarjarðvegi í grunni húsins við steypuvinnu og því ekki gert ráð fyrir haugsetningu eða förgun efnis. Gröfunni yrði ekið úr fjöru og upp á stíg sem liggur meðfram Hesteyrará og að húsinu, um 80m leið. Notkun gröfunnar stæði yfir í um tvo til fimm daga, samkvæmt umsókn. Áætlun framkvæmdaraðila er að framkvæmdir við niðurrif núverandi hússins, vinnu við grunn og steypuvinnu verði lokið á vormánuðum 2016 og endurbyggingu hússins lokið um sumarið.

Áhrifamat:

Hesteyrarþorpið er einn helsti vitnisburður þorpsmyndunar innan friðlandsins á Hornströndum. Hesteyri fékk löggildingu sem verslunarstaður árið 1881 og þjónaði íbúum fram til ársins 1952 og er húsið Móar hluti af Hesteyrarþorpinu. Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir lítilsháttar stækkun hússins og tímabundið rask á gróðri, sé það ekki talið breyta ásýnd Hesteyrarjarðarinnar eða rýra verndargildi náttúrufars í friðlandinu, að því gefnu að tilhögun verði í samræmi við skilyrði Umhverfisstofnunar. Er það mat Umhverfisstofnunar að framkvæmdin komi ekki til með að rýra verndargildi Hornstrandafriðlandsins.

Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi til umræddrar framkvæmdar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Sérfræðingur friðlandsins verði látinn vita af stöðu framkvæmdar, hvernær hún hefst og verkáætlun þegar hún liggur fyrir.


- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algjöru lágmarki.
- Framkvæmdaaðili tryggi að allur jarðvegur verði hreinsaður af vinnutæki áður en það er flutt inn á friðlandið.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik skilyrða leyfisveitingar.


Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal stöðva framkvæmd án tafar, s.kv. 2. mgr. 24.gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt yrði að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá nr. 535/2015 stofnunarinnar 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllst


Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðstjóri